

Truenorth Nordic ehf.
Fiskislóð 31a
101Reykjavík

Reykjavík, 9. september 2020
UST202008-141/F.P.
09.06.01

Efni: Umsókn um leyfi til kvikmyndatöku-Háafoss

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Truenorth Nordic ehf., dagsett 18. ágúst 2020, um kvikmyndatöku innan Háafoss.

Hjálparfoss, Gjáin og Háafoss og Granni er friðlýst sem náttúruvætti sbr. auglýsingu nr. 110/2020. Óheimilt er að spilla gróðri eða trufla dýralíf af ásetningi innan verndarsvæðisins. Framkvæmdir, aðrar en vernd og endurheimt birkiskóga, sbr. 11. gr., á verndarsvæðinu eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar að fenginni umsögn Minjastofnunar Íslands. Afla skal leyfis Umhverfisstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem hafa í för með sér hættu á jarðraski, truflun dýralífs eða truflun umferðar um svæðið innan verndarsvæðisins, s.s. vegna kvikmyndagerðar, viðburða og samkomuhalds. Notkun fjarstýrðra loftfara er óheimil í náttúruvættinu nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Kvikmyndataka úr þyrlu við Háafoss. Verkefnið mun taka tvo klukkutíma og mun fara fram einhvern tímann á bilinu 14.-20. september en nákvæm tímasetning fer eftir veðri. 40 starfsmenn koma að verkefninu. Fjöldi ökutækja eru þrjár trukkar og tíu fólksflutningsbílar og þeim verður lagt á bílastæðinu. Eitt pop-up tjald verður á svæðinu og eitt ferðaklósett verður aftan í einu ökutækjanna. Kvikmyndatakan fer öll fram í þyrlu. Ein þyrla verður notuð, henni verður flogið í bæði há- og lágflugi. Flogið verður í kringum fossinn og þyrlunni verður lent í gilinu fyrir neðan Háafoss. Engir leikarar taka þátt í verkefninu, aðeins landslag verður kvikmyndað. Ekki er gert ráð fyrir neinu raski á jarðvegi, gróðri eða dýralífi.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur að framkvæmdin muni að öllum líkindum ekki hafa neikvæð áhrif á náttúru og dýralíf. Framkvæmdin mun hafa tímabundin neikvæð áhrif á gesti svæðisins þar sem takmarka þarf aðgang fólks að svæðinu á meðan á kvikmyndatöku stendur. Gestir munu verða fyrir tímabundinni truflun vegna takmarkaðs aðgengis og hávaða frá þyrlu.

Umhverfisstofnun metur að hægt sé að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar með því að fara eftir skilyrðum þessa leyfisbréfs.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir True North fyrir sitt leyti leyfi fyrir kvikmyndatöku innan Háafoss sbr. lýsingu hér að ofan, 14.-20. september 2020 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Koma skal fyrir skýrum merkingum á tókustað um að leyfi fyrir verkefninu hafi fengist hjá Umhverfisstofnun og starfsmenn verkefnisins skulu vera í merktum fatnaði.
- Starfsmaður verkefnisins skal vera til staðar til að upplýsa gesti um framkvæmdina og takmörkun á aðgengi niður í gilið og tryggja öryggi gesta á meðan á tökum stendur.
- Tökur skulu fara fram á eins stuttum tíma og kostur er
- Lenda skal þyrllu í áreyrum í gilinu, á gróðurlausu svæði.
- Einungis skal gengið eftir merktum göngustígum og óheimilt er að fara inn á lokuð svæði.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Afmá skal öll ummerki verkefnisins á svæðinu að því loknu, tryggja skal að ekkert rusl sé skilið eftir.
- Kvikmyndatökuliðið skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að tókurnar valdi eins litlu ónæði og hægt er.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Allur akstur utan vega er með öllu óheimill.
- Óheimilt er að lenda þyrllu á grónu svæði þar sem hætta er á raski.
- Losun ferðasalerna skal fara fram á viðurkenndum losunarstað utan hins friðlýsta svæðis.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um kvikmyndagerð og/eða ljósmyndatöku er kr. 52.600.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Freyja Pétursdóttir

Freyja Pétursdóttir
sérfræðingur

Hákon Ásgeirsson

Hákon Ásgeirsson
teymisstjóri